



# Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

60 ára — 1946-2006

Guðni Gíslason, forseti 2006-2007

Fráfarandi forseti, Kristján Stefánsson, kærur rótarýfélagar og virðulegu gestir.

Það er ljúft að aka góðum bíl — og að sama skapi er ljúft að stýra góðum rótarýklúbbsi. Ég tek við forsetaembætti þessa öflugra klúbbs með auðmýkt og ég þakka það traust sem mér er falið af ykkur ágætu klúbbfélögum, traust sem ég mun af fremsta megni reyna að bregðast ekki.

Það kom að vísu ekki af góðu að ég tek nú við þessu embætti, því góður félagi okkar, Björn Ólafsson, sem gegndi ritarastarfinu 2004-2005, hefði, ef forlögin og ill veikindi hefðu ekki gripið inn í, staðið hér í mínum sporum í dag. Minnst ég hans með virðingu og söknuði.

Ég vil á þessari stundu líka minnst manns sem mótaði snemma mitt viðhorf til rótarýhreyfingarinnar, löngu áður en mér var boðin innganga í þenna klúbb. Þó ég hafi á unglingsaldri gantast með það að þarna hittust bara gamlir karlar yfir hádegismat, þá áskynjaði ég fljótt að rótarýfélagsskapurinn var félagsskapur sem setti markið hátt og starfaði af manngildishugsjónum. Þessi maður var faðir minn, Gísli Jónsson sem ég átti síðan eftir að starfa með hér í klúbbnum í tæp 3 ár eða þar til hann féll frá, langt um aldur fram.

Þessum tveimur mönnum vil ég tileinka forsetatíð mína, ekki síst til að hvetja mig sjálfan til dáða.

Ég þakka Kristjáni, fráfarandi forseta ánægjulegt samstarf, svo og stjórninni allri, Gunnhildi, Sigþóri, Jóni Vigni og Sigurði Hallgrímssyni. Starfið hefur verið metnaðarfullt og ánægjulegt síðasta ár, eins og undanfarin ár og skútunni verður siglt í sömu átt, kannski verður öðrum seglum stundum beitt og kannski verður komið við á öðrum stöðum en áður, en það er áhöfnin sem ákveður hversu ánægjuleg siglingin verður en fólkið í brúnni mun gera sitt til að gera þetta rótarýár eins ánægjulegt og kostur er.

**Og talandi um fólkið í brúnni, þá vil ég biðja samstarfsfólk mitt í stjórn, Gunnhildi, verðandi forseta, Harald Þór, ritara, Bessa, gjaldkera og Jóhannes stallara að taka sér sæti við stjórnarborðið og ég bið einnig Kristján að sitja þar áfram en frá og með næsta fundi fær hann lausn frá stjórnarborðinu og fær að fara út til félaganna, nokkuð sem hann hefur sennilega lengi beðið eftir.**

Bill, alþjóðforseti Rótarý, W.B. Boyd hefur sett sér einkunnarorðin Lead the way eða Vísuð veginn og segir hann það endurspeglar trú sína á kraft Rótarýs að breyta heiminum. Saman munu 1,2 milljónir rótarýfélaga vísa veginn til bjartari framtíðar með félagsskap og þjónustu. Hann segir að heimurinn þarfnist hetja en ekki fagnaðarhátíða. Við öll í Rótarý séum venjulegt fólk, sem höfum mikið að gera og reynum að gera okkar besta. Hljóðlega, á þúsund mismunandi vegu, séum við að vinna að betri, heilbrigðari og öruggari heimi.

Bill hvetur alla rótarýfélaga til að leggja sitt á vogarskálarnar og hefur hann lagt áherslu á vatnsöflunarverkefni, læsi, heilsu og baráttu gegn hungri auk áherslu á



# Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

60 ára — 1946-2006

Guðni Gíslason, forseti 2006-2007

Rótarýfjölskylduna og nefnir sérstaklega æskulýðsstarf Rótarý. Hann hvetur líka til að hlúð sé að fjölskyldum rótarýfélaga og mökum sem aðeins geti styrkt starf Rótarýs.

„Það er ekki nóg að láta sig dreyma um betri veröld, veröldin verður ekki betri nema með góðum undirbúningi, heiðarlegu samstarfi og mikilli vinnu,“ segir Bill og segir svo: „Sem rótarýfélagi, biðum við ekki eftir því að hlutirnir gerist. Saman munum við *Vísa veginn.*“

Við, í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar höfum staðið okkur vel í skiptinemamálum, við höfum lagt háar upphæðir í Rótarýsjóðinn, í Polio Plus verkefnið til að vinna bug á bólusótt, en samt er þetta ekki mikið og þetta hefur ekki beygt bak okkar. Við getum gert enn betur! Því er mikilvægt að hvetja rótarýfélaga til dáða og hvet ég Alþjóðanefnd, Rótarýfræðslunefnd og Þjóðmálanefnd að hafa það í huga í starfi sínu og ekki síst hvet ég sérhvern klúbbfélaga til að vera forvitinn um öll þau verkefni sem rótarýhreyfingin vinnur að. Það er fyrsta skrefið.

**Þetta starfsár er merkilegt í sögu klúbbsins**, stofnfundur klúbbsins var 9. október 1946 eða fyrir 60 árum. Þessum tímamótum munum við fagna á veglegri afmælishátíð þann 7. október og gefið verður út afmælisblað sem dreift verður um bæinn og til rótarýklubbanna á landinu. Einnig hefur sögunefnd verið skipuð sem taka á saman minningar síðustu 10 ára í starfi klúbbsins. Þá má einnig minnst á að Íslenska Rótarýumdæmið varð 60 ára 1. júlí sl.

**Ferðanefnd** fær ærinn starfa í ár, tvær dagsferðir, a.m.k. og borgarferð til höfuðstaðar Svíaríkis, Stokkhólms en flogið verður út á sumardaginn fyrsta, 19. apríl nk. Verður öruggleg jafn gaman í þessari ferð eins og ferðunum til Kaupmannhafnar og Brussel svo ekki sé minnst á ferðina til Færeyja og ferðina til Vesturheims.

**Æskulýðsnefndin** fær einnig ærinn starfa, því Justin McGarvin verður skiptinemi klúbbsins í ár, hann kemur frá Vorland í Wyoming í Bandaríkjunum, 19 ára drengur með fjölmörg áhugamál. En hann er skiptinemi okkar allra í klúbbum og allir eru hvattir til að bjóða fram sína aðstoð við að gera dvöl hans sem eftirminnilegasta og lærdómsríka, bæði fyrir hann og okkur. Justin mun dvelja fyrsta tímabilið hjá Sigríði Kristínu og fjölskyldu hennar og annað tímabilið hjá Sveini Magnússyni og Sólveigu Skúladóttur, en æskulýðsnefndin vinnur nú að því að ganga frá síðasta heimilinu. Æskulýðsnefndin fær nú líka, í samstarfi við skemmtinefnd, að undirbúa afkvæmafundinn en ég get sagt ykkur að frá slíkum fundum á ég góðar minningar og ekki síst vegna þess að þar mættu líka allir rótarýfélagarnir og þess vænti ég 28. desember nk.

**Söngstjórar klúbbsins** fá einnig það hlutverk að taka saman nýja söngbók fyrir klúbbinn, en markmiðið er að gera nýja vandaða gormabók sem nýtast megi klúbbum um langt skeið, eins og núverandi bók hefur gert svo vel.

**Áhersla verður lögð á að gera skógræktarreitinn** okkar aðgengilegri fyrir klúbbfélaga og aðra og verða keyptir á næstunni bekkir og borð en stefnt verður að því að koma upp varanlegu skilti með upplýsingum um svæðið og klúbbinn næsta vor og gera göngustíga og bílastæði. Við munum áfram eiga samstarf við Inner Wheel klúbb Hafnarfjarðar um skógræktina og vonandi á þessi reitur eftir að verða okkur



# Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

60 ára — 1946-2006

Guðni Gíslason, forseti 2006-2007

öllum skemmtilegur áningastaður. Það eru því ærin verkefni lögð á skógræktarnefndina en við klúbbfélagar munum vonandi allir leggja hönd á plóg.

**Þriggja mínútna erindi** verða tekin upp frá og með næsta fundi. Með þeim er ætlað að virkja sem flesta í starfi og fá klúbbfélaga til að fræða okkur hina um það sem þeim er hugleiknast. Þetta er ekki nýlunda í klúbbnum þó langt sé um liðið því Gísli heitinn Guðmundsson, gjarnan kenndur við Klett, tók þetta upp þegar hann var forseti árið 1977. Hann gerði reyndar betur og lét skrá í sérstaka bók sem fékk nafnið Járn síða. Væri gaman að klúbbfélagar fengju að sjá þessa merku bók.

Búið er að raða erindunum niður á klúbbfélaga og bera þeir sjálfir ábyrgð á að skipta við einhvern gerist það ólíklega að þeir forfallist þann fund sem þeir eiga að flytja sitt þriggja mínútna erindi.

**Sérstök URR-nefnd hefur verið skipuð**, ekki það að hún eigi að urra á þá sem fara yfir þrjár mínúturnar, því það gerist ekki. Nefnd var skipuð af fyrri stjórn og starfið undirbúið og er verið að fylgja eftir því starfi. URR stendur fyrir Unglinganámskeið Rótarý í ræðulist og er ætlað nemendum 10. bekkjar grunnskóla. Vonandi getum við rótarýfélagar lært eitthvað af þessu en þetta er geysilega spennandi verkefni sem á uppruna sinn í Rótarýklúbbi Reykjavík-Miðborg.

**Handbók klúbbsins hefur verið endurbætt lítillega** en ótrúlega vel gekk að fá myndir af öllum félögum en líklega er þetta í fyrsta sinn sem myndir af félögum eru birtar í bókinni. Þetta er ekki síst gert fyrir nýrri félaga til að hjálpa þeim að vita hver er hver en að sjálfsgöðu er þessu ekki ætlað að koma í staðinn fyrir það að rótarýfélagar sýni andlit sín sem oftast á fundum. Í henni er einnig listi yfir þá sem eiga þriggja mínútna erindi á starfsárinu og hvenær en nöfn þeirra eru einnig skammstöfuð innan sviga í dagskránni. Kápan er litum prýdd í tilefni afmælisins og sjá má loftmynd af skógræktarsvæðinu okkar á bakhliðinni.

**Áfram verður unnið að því að endurbæta heimasíðuna** og eru allir hvattir til að fylgjast með því sem þar er og ekki síst að koma með ábendingar um það sem betur má gera. Hver félagi ber ábyrgð á því að upplýsingar um hann séu ávallt rétt skráðar hjá klúbbnum og á heimasíðunni er gott verkfæri til þess að tilkynna breytingar eða lagfæringar. Stefnt er að því að ný heimasíða líti dagsins ljós á vormánuðum en heimasíða klúbbsins, sem hefur verið ein virkasta rótarýheimasíða íslensku rótarýklúbbanna var sett upp í þessari mynd árið 2000 og er því heimasíða síðustu aldar.

Mikilvægast er þó að fréttir og upplýsingar um starf klúbbsins berist inn á síðuna og fel ég hér með nefndarformönnum að koma viðeigandi fréttum og upplýsingum tímanlega til skila. Sérstaklega eru formenn nefnda hvattir til að koma upplýsingum um fyrirlestra til forseta tímanlega. Heimasíða klúbbsins á að endurspegla það sem við erum að gera og það sem við ætlum að gera og kostur slíkrar upplýsingamiðlunar er að lagfæra og uppfæra má upplýsingar hvenær sem er.

Eins og kemur fram í fjárhagsáætlun stjórnarinnar er gert ráð fyrir 50 dollurum á félagi í **Rótarýsjóðinn**. Framlag klúbbsins er í hærra kantinum í samanburði við aðra íslenska klúbba en þó helmingur þess markmiðs sem alþjóðaforseti setur



# Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

60 ára — 1946-2006

Guðni Gíslason, forseti 2006-2007

klúbbunum. Þetta getum við aukið með beinum framlögum klúbbfélaga og fyrirtækja þeirra en sérhver rótarýfélagi getur fengið aðgang að innra vef rótarýhreyfingarinnar þar sem hann getur sent inn framlag í sjóðinn og fylgst með framlögum í sínu nafni. Þess má geta að klúbburinn var í þriðja sæti íslenskra klúbba á síðasta ári og þar sló dótturklúbburinn okkar í Görðum okkur heldur betur við með háum framlögum.

**Stjórnin hefur samþykkt að Pétur Þorbjörnsson verði heiðursfélagi klúbbsins starfsárið 2006-2007.**

**Það er gestkvæmt í klúbbum okkar** og það er einstaklega ánægjulegt. Ég vil hvetja klúbbfélaga til að bjóða gestum með sér á fundi þegar fundarefni gefur ástæðu til þess og þar eru makar og börn alls ekki undanskilin.

Ég vil einnig hvetja rótarýfélaga til að sækja fundi í öðrum rótarýklúbbum hér á landi og erlendis. Mjög auðvelt er að finna hvar fundur er í þeim bæ eða borg sem þið eruð í á ferðalagi erlendis og víða eru morgunfundir sem hentar vel þeim sem eru í viðskiptaferðum. Munið að fá mætingarkort og skilið því til ritara þegar heim er komið. Hafið endilega klúbbfána með ykkur ef líklegt er að enginn klúbbfélagi hafi heimsótt þann klúbb áður og afhendið og í flestum tilfellum fáir þið fána viðkomandi klúbbs í staðinn sem þið afhendið þegar heim er komið. Það er mjög gefandi og lærdómsríkt að heimsækja aðra klúbba og eins og við höfum gaman að því að fá gesti - eru rótarýfélagar í öðrum klúbbum það einnig.

**Ég ætla ekki að lát hjá líða að minnast á InnerWheel klúbb Hafnarfjarðar** en í hann geta makar rótarýfélaga gengið, þó enn bara kvenkyns makar. Þar hefur verið ágætt starf og örlítill fjölgun og klúbbarnir hafa haft gott samstarf í gegnum tíðina m.a. með vorferð og skógræktardegi og vænti ég ánægulegs samstarfs við klúbbinn á starfsárinu og geri ég hér að tillögu minni að við bjóðum klúbbum að sameinast um afmælishátíðina í haust eins og gert var síðast árið 1996 en InnerWheel klúbburinn verður 30 ára í haust.

Eins og kom fram hjá fráfarandi forseta þá fengum við tilkynningum um 200 kr. hækkun á **matargjaldinu**. Við Bessi funduðum í gær með Valdimar, veitingamanninum hér og fórum yfir matarmálin. Hækkunin verður aðeins 100 kr. og verður matargjaldið því 1500 kr. frá og með næsta fundi. Allar ábendingar ykkar klúbbfélaga um matarmálin og aðstöðuna hér vil ég biðja ykkur að koma til stallara, en eins og kunnugt er ber hann ábyrgð á að allt sé til reiðu á fundinum og að okkur líði vel. Ekki lítil ábyrgð. Ákveðið hefur verið að fresta upptöku á jafnaðargjaldi og skoða betur ýmsar ábendingar sem komu við skoðanakönnunina og munum við ræða það mál vel undirbúið á klúbbþingi í haust.

Ég veit ekki hversu margir minnast **rótarýmerkisins við innganginn** sem við notuðum á meðan við vorum niðri en þetta er koparskjöldur á plötu. Ég hef fengið Gylfa Sigurðsson til að færa hann og verður skjöldurinn vonandi fljótlega kominn upp við okkar inngang.

Eins og þið hafið heyrt verður engin lognmolla yfir starfinu á afmælisárinu og hafði ég gaman af góðlátlegum brosum stjórnarmanna minna þegar ég kynnti þeim fyrstu hugmyndir mínar sem fengu síðan góða grysjun. Ég er bjartsýnismaður og set markið



# Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

60 ára — 1946-2006

**Guðni Gíslason, forseti 2006-2007**

hátt, sennilega þarf ég mikla hjálp ykkar til að allt það sem stefnt er að, takist og hef ég mikla trú á ykkur ágætu félagar enda veit ég ekki um neinn féлага okkar sem er þekktur fyrir að gefast upp.

Umfram allt hef ég þá ósk að starfsárið verði sem skemmtilegast því í mínum huga er ánægjan af góðu og skemmtilegu starfi bestu launin sem hægt er að fá. Eflaust og örugglega eru ekki allir á eitt sáttir um það sem gera á og hvet ég sérhvern þann sem hefur ábendingar og skoðanir á því sem gera á að koma þeim strax til mín, því ekki er hægt að taka tillit til skoðanna sem ekki þekkjast. Góð umræða um starf klúbbsins og markmið eru af hinu góða og vonandi tókum við ánægjulega syrpu á klúbbsþingi í 14. september.

Ágætu rótarýfélagar og gestir,

Framundan er hjá nýrri stjórn og klúbbsfélögum öllum, spennandi starfsár og treystum við á ykkur rótarýfélagar að hjálpa okkur að gera starfið enn öflugra en það hefur verið og látum gott af okkur leiða — Vísun veginn til betri heims.

Nú mun gjaldkeri gera grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2006-2007.

**Guðni Gíslason**  
**forseti 2006-2007**